

Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU)

Vefsíða | www.hsu.is
Sími vaktþjónustu lækna og
hjúkrunarfræðinga á HSU er **432 2000**
Í neyðartilvikum hringið í **112**

Tannlæknaþjónusta

Frí tannlæknaþjónusta er fyrir öll börn á aldrinum 0 - 18 ára.

Stígamót er ráðgjafar- og stuðningsmiðstöð fyrir bæði konur og karla sem hafa verið beitt hvers kyns kynferðisofbeldi | www.stigamot.is

Þroskahjálp eru samtök sem berjast fyrir réttindum fatlaðs fólks | www.throskahjalp.is

Klúbburinn **STRÓKUR** er fyrir fólk með geðraskanir | www.strokur.wordpress.com

SELURINN er fræðslu og tómsundaklúbbur fyrir einstaklinga með fötlun, 16 ára og eldri á Suðurlandi. Aðsetur | Félagsmiðstöðin Zelsíuz | Sími: 480 1951

Sundlaugar Árborgar: Börn (0 - 18 ára) búsett í Sveitarfélaginu Árborg fá frítt í sund.

Nánar um opnunartíma sundlauga sveitarfélagsins | www.arborg.is/ibuar/fristund-og-sundlaugar/sundlaugar

Bókasöfn Árborgar

Selfossi, Austurvegi 2. Stokkseyri, Eyrarbraut 2.
Eyrarbakka, Túngötu 40

Börn (0 - 18 ára) búsett í Sveitarfélaginu Árborg fá frítt bókasafnskort.

Nánar um opnunartíma og viðburði | www.bokasafn.arborg.is

Til þess að skrá börn í íþróttir

www.arborg.is

Efst hægra megin finnur þú **Mín Árborg**



Innskráning

Hægt er að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum eða með íslykli.

Íþróttagrein valin undir frístundastyrkur.

Frístundastyrk er hægt að nota við skráningu.



Sveitarfélagið Árborg

Hvað er í boði?
Hvað þarf ég að gera?
Hvert get ég leitað?



Vefsíða | www.arborg.is
Netfang | radhus@arborg.is



Fæðingarorlof

Foreldrar eiga rétt á launuðu orlofi, yfirleitt í 6–12 mánuði, við fæðingu barns, þegar það ættleiðir barn eða tekur barn í varanlegt fóstur. Foreldrar fá annaðhvort orlofsgreiðslur eða fæðingarstyrk úr Fæðingarorlofsjóði en það fer eftir stöðu þeirra á vinnumarkaði.

Dagforeldrar

Á Íslandi geta foreldrar fengið daggæslu hjá dagforeldri ef þörf er á vistun áður en barn kemst inn á leikskóla.

Skólakerfið á Íslandi

Leikskóli: Börn frá 18 mán. - 6 ára. Gjaldskilyt.

Grunnskóli: Skólaskylda frá 6 - 16 ára. Gjaldfrjálst.

Framhaldskólar: Frá 16 - 25 ára. Tekur við að loknum grunnskóla. Vægt gjald.

Háskólar: Að loknu stúdentsprófi.

Sveitarfélagið Árborg

Dagforeldrar

Leikskólar Álfheimar, Árbær, Goðheimar, Hulduheimar, Jötunheimar og Brimver/Æskukot.

Grunnskólar Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri, Sunnulækjarskóli og Vallaskóli.

Frístund fyrir grunnskólabörn í 1.- 4.bekk. Gjald. Opið er alla virka daga frá því skólar lýkur til 16:30. Sjá nánar á heimasíðum grunnskóla.

FSU - Fjölbrautaskóli Suðurlands: Víðtækt verk- og bóknám auk meistaranáms | www.fsu.is

Fræðslunetið - símenntun á Suðurlandi sér um og skipuleggur nám og námskeið fyrir fullorðið fólk, íslenskunámskeið fyrir útlendinga og námskeið fyrir fyrirtæki og stofnanir | www.fraedslunet.is

Fjölskyldusvið Árborgar stofnað 1. mars 2019.

Undir það heyrir: skólabjónusta, félagsbjónusta, frístunda- og menningardeild.

Skólabjónusta Árborgar

Veitir nemendum, foreldrum og starfsfólki í leik- og grunnskólum Árborgar bjónustu á ýmsum sviðum. Þar starfa m.a. sálfræðingar, kennsluráðgjafar, leikskólaráðgjafi og talmeinafræðingar

Félagsbjónusta Árborgar

Heldur utan um þá málaflokka sem tengjast barnavernd, eldri borgurum, félagslegri ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, fólki með fötlun og húsnæðismálum í Sveitarfélaginu Árborg.

Frístunda- og menningardeild

Heldur utan um málaflokka sem tengjast íþróttá-, æskulýðs-, forvarna-, frístunda-, atvinnu-, safna- og menningarmálum.

Frístundastarf og frístundastyrkur

Sveitarfélagið Árborg veitir foreldrum/forráðamönnum barna á aldrinum 5 - 17 ára, með lögheimili í Árborg, frístundastyrk einu sinni á ári vegna þátttöku í skipulögðu íþróttá- og frístundastarfi.

Sveitarfélagið Árborg býður upp á opið frístundastarf fyrr börn, unglinga og ungmenni frá 10 - 25 ára.

Nánari upplýsingar um frístundastarf er hægt að finna á <https://www.facebook.com/felagsmidstodinzelsiuz> | Sími: 480 1951 www.facebook.com/Pakkhusidselfossi | Sími: 480 1970

Frístundaakstur

Frístundabíllinn ekur alla virka daga frá kl. 13:10 - 16:30

Íþróttir í boði

Handbolti, fótbolti, sund, júdó, fimleikar, frjálssaríþróttir, taekwondo, mótorkross, boccia, körfubolti, lyftingar, golf og hestaíþróttir. www.selfoss.net | www.selfosskarfa.is | www.gosgolf.is | www.sleipnir.is

Vinnuskólinn

Starfræktur á sumrin fyrir unglinga í þremur efstu grunnskólabeckjunum, 8.- 10. bekk.

<https://www.arborg.is/stjornsysla/mannaudur/vinnuskolinn>

Skátar

Skátafélagið Fossbúar | Tryggvagötu 36 | 800 Selfoss
Sími: 482 2238 | Netfang: fossbuar@gmail.com
Vefsíða: www.skatarnir.is/fossbuar/

Tónlistarskóli Árnesinga

Sími: 482 1717 | Netfang: tonar@tonar.is | Vefsíða: www.tonar.is

Tónsmiðja Suðurlands

Sími: 615 2920 | Vefsíða: www.tonsmidjan.net/skoli

Barna- og unglíngakór Selfosskirkju

Kórarnir skiptast í barnakór fyrir börn í 3.- 6. bekk og unglíngakór fyrir börn í 7.- 10. bekk.

Vefsíða: http://selfosskirkja.is/?page_id=46

Útivistartími

12 ára og yngri mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 20.00 nema í fylgd með fullorðnum.

13 til 16 ára skulu ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22.00, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþróttá- eða æskulýðssamkomu.

Á tímabilinu 1. maí til 1. september lengist útivistartími barna um tvær klukkustundir.